

# RICHARD WAGNER FÉLAGIÐ Á ÍSLANDI

- RICHARD WAGNER VERBAND ISLAND -

VESTURGATA 36B · 101 REYKJAVÍK · SÍMI/FAX: 5517292

Reykjavík 4. janúar 1997

Kæru félagar.

Stjórn Wagnerfélagsins sendir öllum árnaðaróskir í upphafi nýs árs. Vonandi eigum við framundan margar ánægjustundir í samneyti við Richard Wagner og list hans.

**Sunnudaginn 12. janúar kl. 15.00** hefjum við sýningar á Niflungahringnum af myndbandi. Óperurnar fjórar verða sýndar annan sunnudag hvers mánaðar frá janúar fram í apríl og fara sýningarnar fram í Norræna húsinu og hefjast alla dagana á sama tíma. Við höfum verið svo heppin að fá þau **Önnu M. Magnúsdóttur og Reyni Axelsson** til að fylgja sýningunum úr hlaði með kynningu á leiðsögustefjum óperanna í upphafi hverrar sýningar. Á undan sýningunni á **Rheingold** á sunnudaginn kemur munu þau auk þess rekja í stuttu máli ferilinn við samningu þessa meistarverks Richards Wagner.

Sýnt verður af laserdisk á stórum sjónvarpsskermi og verður enskur skjátexti. Uppfærsla sú sem við fáum að sjá gekk í Bayreuth á árunum 1988-1992 undir stjórn Daniels Barenboim og Harrys Kupfer. Leikmynd gerði Hans Schavernoch og búninga Reinhard Heinrich. Hlutverk í Rheingold: Wotan-John Tomlinson, Donner-Bodo Brinkmann, Froh-Kurt Schreibmayer, Loge-Graham Clark, Fasolt-Matthias Hölle, Fafner-Philip Kang, Alberich-Günter von Kannen, Mime-Helmut Pampuch, Fricka-Linda Finnie, Freia-Eva Johansson, Erda-Anne Gjevang, Rínardætur: Hilde Leidland, Annette Küttenbaum og Jane Turner.

**Harry Kupfer** er einn af mörgum leikstjórum sem kemur frá Austur-Berlín, en þaðan kom heil hjörð af leikstjórum í kjölfar hins þekktu Walters Felsenstein, sem var leikhússtjóri í Komische Oper í A-Berlín, en undan hans rötum er raunsæisskólinn í músíkleikhúsinu, eða Das Realistische Musiktheater runnið. Af slíkum leikstjórum má frægasta upp telja Ruth Berghaus, Götz Friedrich, Joachim Herz og Harry Kupfer, sem reyndar var aldrei nemandi Felsensteins sjálfur, þótt hann viðurkenni að vinnuaðferðir Felsenstein hafi haft mikla þýðingu fyrir sig. Harry Kupfer varð nýlega sextugur. Fyrsta óperan sem hann setti á svið var Rusalka eftir Dvorak, en það var árið 1958. Kupfer var um tíma aðalleikstjóri Dresdenóperunnar og setti þar m.a. upp bæði Pelleas og Melisande eftir Debussy og Moses og Aron eftir Schönberg. Í Vestur-Evrópu debuteraði hann í Bayreuth með Hollendingnum fljúgandi árið 1978, en tíu árum síðar setti hann svo Niflungahringinn upp í Bayreuth, en það er einmitt upptaka úr þeirri uppfærslu sem við ætlum nú að sýna. Harry Kupfer hefur lýst því yfir að hann telji nauðsynlegt að setja Niflungahringinn upp á tíu ára fresti og hann muni þá í hvert sinn gefa ný svör við vandamálum hvers tíma. Harry Kupfer, sem er núna óperustjóri í Komische Oper í Berlín hefur unnið mikið með hljómsveitarstjóranum þekktu, **Daniel Barenboim**, sem er óperustjóri í Staatsoper unter den Linden í sömu borg. Þeir hafa m.a. sett upp Parsifal saman og nú nýverið nýja uppfærslu Hringsins í Berlín.

Sjáumst heil í Norræna húsinu 12. janúar og góða skemmtun!

f.h. stjórmaninnar.

Selma Magnúsdóttir